

Art of Components

Skautasamband Íslands, ÍSS, óskar eftir umsóknum um þátttöku á alþjóðlegu þjálfaranámskeiðinu „Art of Components“ sem haldið verður í Bergamo, Ítalíu, dagana 21. – 23. júní 2019.

Kröfur sem þarf að uppfylla til þess að geta sótt um:

- Hafa náð 20 ára aldri
- Hafa lokið þjálfaramenntun hjá ÍSÍ
- Hafa lokið sérgreinarnámi 1 a, b, og c hjá ÍSS
- Hafa þjálfað í 2 ár skautara sem keppa á ÍSS mótum

Hvert landsamband getur skráð einn þjálfara á námskeiðið og mun stjórn velja úr innsendum umsóknum.

Umsóknareyðublað sem fylgir þarf að fylla út og senda til ÍSS, info@iceskate.is, ásamt ferilskrá eigi síðar en 15.maí nk.

Öllum umsóknum verður svarað.


Ítalska skautasambandið, í samvinnu við þróunarsjóð ISU, bjóða upp á þjálfaranámskeið ætlað þjálfurum í einstaklinsskautun, paraskautun og ísdansi sem þjálfra skautara á afreksstigi. Markmið námskeiðsins er að veita þjálfurum menntun í grunnskautun, samsetningu prógramma, listfengi og framkvæmd.

Kostnaður:

Skautasamband Íslands mun greiða námskeiðsgjaldið fyrir samþykktan þátttakanda.

- Innifalið er gisting, matur og námskeiðsgjald
- EKKI er innifalinn ferðakostnaður til Bergamo frá Íslandi

Fh. Skautasambands Íslands



Svava Hróðný Jónsdóttir
Varaformaður
Verkefnastjóri